

A detailed topographic map of the Eyjafjardarsveitar region in Iceland. The map shows a complex mountainous terrain with numerous peaks, valleys, and ridges. A prominent snow-covered mountain peak is visible in the upper left quadrant. A network of roads, including a major yellow line, is overlaid on the terrain. The text 'EYJAFJARDALUR' is repeated vertically along a central road. Other labels include 'Hafnarfjörður' at the top right and 'Skiðafell' in the lower right. The overall color palette consists of various shades of brown, green, and white, representing different elevations and land cover.

Umferðaröryggisáætlun Eyjafjarðarsveitar Uppfærð 2025

DRÖG
til kynningar

Efnisyfirlit

Samráðshópur	2
Inngangur	3
Stöðumat og greiningarvinna	3
Heildarumferð	3
Heildarfjöldi slysa og árleg þróun.....	4
Fjöldi slysa miðað við heildarumferðartölur	5
Fjöldi og alvarleiki slysa	5
Fjöldi slysa eftir alvarleika	6
Slys í þéttbýli og ástand gatnakerfis	7
Slys í dreifbýli og yfirlit yfir ástand vega	8
Eyjafjarðarbraut vestri frá Akureyri að Miðbraut.....	8
Þjóðvegur 1 og gatnamót við Eyjafjarðarbraut eystri	9
Veigastaðavegur, Knarrarbergsgvegur og Leifsstaðavegur.....	10
Eyjafjarðarbraut eystri frá Þjóðvegi 1 að Laugalandi	11
Miðbraut.....	12
Eyjafjarðarbraut vestri frá Miðbraut að Finnastaðaaá.....	13
Finnastaðavegur og Dalsvegur	14
Eyjafjarðarbraut eystri frá Miðbraut til suðurs	15
Eyjafjarðarbraut vestri frá Finnastaðaaá að Sandhólum.....	16
Eyjafjarðarbraut vestri og Hólavegur frá Sandhólum að hálendi.....	17
Umferðatölur.....	18
Tegundir vega	18
Stofnvegir (S)	18
Tengivegir (T).....	19
Héraðsvegir (H).....	19
Landsvegir (L).....	19
Sveitarfélagsvegir, almennir stígar og einkavegir.....	19
Stjörnugjöf vega samkvæmt EuroRap	20
Yfirlit yfir brúaðar ár í sveitarfélaginu	20
Skólar og skólaleiðir.....	23
Umferðarfræðsla í skólum.....	24
Vetrarþjónusta sveitarfélagsins.....	25
Vetrarþjónusta Vegagerðarinnar	25
Hættulegir staðir	27
Þjóðvegir og tengivegir:.....	27
Aðrir hættulegir staðir.....	27
Varhugaverðar heimreiðar og gatnamót.....	28
Athugasemdir	29
Niðurstöður	30
Aðgerðarlisti	31
Almennar aðgerðir:	31
Sértækar aðgerðir og markmið Eyjafjarðarsveitar	31
Heimildaskrá.....	34

Samráðshópur

Finnur Yngvi Kristinsson	Sveitarstjóri
Kjartan Sigurðsson	Formaður Atvinnu- og umhverfisnefndar
Aðalsteinn Hallgrímsson	Aðalmaður í Atvinnu- og umhverfisnefnd
Gunnar Smári Ármannsson	Aðalmaður í Atvinnu- og umhverfisnefnd
Inga Vala Gísladóttir	Aðalmaður í Atvinnu- og umhverfisnefnd
Kristín S. Hermannsdóttir	Aðalmaður í Atvinnu- og umhverfisnefnd
Sigurður Ingi Friðleifsson	Aðalmaður í Atvinnu- og umhverfisnefnd
Susanne Lintermann	Aðalmaður í Atvinnu- og umhverfisnefnd

Verkferli:

Tímabil

Aðgerðir

Vor 2025 Atvinnu- og umhverfisnefnd hrindir af stað vinnu við endurskoðum umferðaröryggisáætlunar og kallar eftir ábendingum íbúa.

Júní 2025 Nefndin fer yfir innkomnar ábendingar og tillögur sveitarstjóra að uppfærslu áætlunarinnar.

Júní 2025 Sveitarstjórn vísar uppfærslu Umferðaröryggisáætlunar Eyjafjarðarsveitar í kynningu.

Inngangur

Umferðaröryggisáætlun Eyjafjarðarsveitar er ætlað að gefa góða yfirsýn yfir vegakerfi í sveitarfélaginu. Áætlunin er lifandi skjal sem yfirfarið verður að lágmarki á fjögurra ára fresti eða eftir því sem aðstæður kalla á við stórar framkvæmdir eða aðrar forsendubreytingar.

Markmið með umferðaröryggisáætlun Eyjafjarðarsveitar er að búa til aðgerðaráætlun til að vinna að bættu umferðaröryggi í sveitarfélaginu, fækka slysum og auka lífsgæði íbúa sem og annarra sem ferðast um sveitarfélagið.

Stöðumat og greiningarvinna


Rýnt var í umferðartölur í sveitarfélaginu bæði út frá heildarumferð allra vega sem og einstakra vega og vegkafla út frá opinberum tölum Vegagerðarinnar.

Slysgreiningar frá tímabilinu 1. janúar 2010 til 31. desember 2024 voru teknar saman um slys og óhöpp í Eyjafjarðarsveit af vef Samgöngustofu og yfirlitskorti stofnunarinnar þar sem rýnt var í staðsetningu þeirra og tegund. Öll óhöpp voru rýnd sama hvort fólk hlaut meiðsli í þeim eða ekki. Hafa má í huga að ekki eru öll slys eða óhöpp tilkynnt til lögreglu.

Vegagerðin tók sérstaka stöðuúttekt og greiningu á þéttbýliskjarna Hrafnagilshverfis sem var meðal gagna. Þá voru skoðaðar upplýsingar frá EuroRap um gæði vega.

Heildarumferð


Árleg heildarumferð í sveitarfélaginu féll töluvert frá árinu 2010 til ársins 2013 þegar hún tók að aukast aftur. Náði hún hámarki árið 2017 og féll skarpt til ársins 2020 þegar hún tók aftur að rísa hratt. Árið 2024 er umferðin farin að nálgast það sem hún var árið 2016. Á tímabilinu 2021-2024 eru að meðaltali eknir um 4,97 milljón kílómetrar á ári, samanborið við 4,92 milljón kílómetra að meðaltali 10 ár á undan. Meðal akstur er því að jafnaði um 13.630 kílómetrar á dag þegar allir vegir sveitarfélagsins eru lagðir saman.



Tafla 1: Heildar árleg umferð

Heildarfjöldi slysa og árleg þróun


Frá árinu 2010 hafa orðið alls 150 slys eða um 10 á ári að jafnaði. Töluverður munur er á fjölda slysa milli ára en mesti fjöldi slysa var á árinu 2010 þegar 14 slys voru en minnsti fjöldi á árinu 2016 þegar skráð slys voru 6. Frá árinu 2020 hafa orðið 50 slys en árið 2024 sker sig þó úr þar sem eingöngu voru 4 slys skráð á árinu. Þrjú banaslys hafa orðið á tímabilinu, nú síðast árið 2024.



Tafla 2: Fjöldi slysa

Fjöldi slysa miðað við heildarumferðartölur

Ekki er hægt að greina neitt samhengi milli fjölda slysa og aukningu eða samdráttar í umferð og því erfitt að segja til um fjölda slysa út frá umferðartölum.



Tafla 3: Slysa og umferð samanborin

Fjöldi og alvarleiki slysa


Alvarleiki slysa er skipt í fjóra megin flokka, banaslys, alvarleg slys, slys með litlum meiðslum og óhöpp án meiðsla. Töluvert meiri fjöldi slysa verður í dreifbýli sveitarfélagsins heldur en í þéttbýli þess eins og við má búast þar sem aðstæður eru aðrar og hraði ökutækja almennt meiri.

Tegund slysa	Fjöldi slysa 2010-2024
Banaslys	3
Alvarleg slys	10
Slys með litlum meiðslum	55
Óhöpp án meiðsla	82
Samtals	150
Staðsetning slysa	
Þéttbýli	10
Dreifbýli	140

Tafla 4: Tegund og staðsetning slysa


Fjöldi slysa eftir alvarleika

Almennt eru „óhöpp án slysa“ flest í sveitarfélaginu samanborið við aðra alvarleikaflokka en þó verður breyting á árinu 2020 þar sem „slysum með litlum meiðslum“ fjölgar mjög og „alvarleg slys“ verða einnig fleiri en almennt, sama má segja um árið 2023.



Tafla 5: Fjöldi og alvarleiki slysa

Slys í þéttbýli og ástand gatnakerfis



Mynd 1: Hrafnagilshverfi (Samgöngustofa, 2024)

Tegund slysa Hrafnagilshverfi	Fjöldi slysa 2010-2024
Banaslys	0
Alvarleg slys	1
Slys með litlum meiðslum	2
Óhöpp án meiðsla	7
Samtals	11
Meðalumferð á dag	
Hámark	Lágmark
1750 við Jólagarðinn (var 1600 árið 2022)	610 við Miðbraut (var 560 árið 2024)

Tafla 6: Tegund og fjöldi slysa og umferð í þéttbýli Hrafnagilshverfis (Samgöngustofa, 2024) (Vegagerðin, 2024)

Slys í Hrafnagilshverfi eru almennt fátíð og er yfirleitt um að ræða óhapp án meiðsla. Þó gegndi öðru máli í jaðri hverfisins þar sem umferðin kom að því úr norðri. Alvarlegt slys hefur orðið við Jólagarðinn þar sem ekið var á gangandi vegfaranda og þá hafa orðið slys með litlum meiðslum til móts við Gróðrarstöðina. Einnig hefur orðið slys með litlum meiðslum við gatnamót Miðbrautar. Vert er þó að benda á að engin slys hafa orðið á svæðinu frá því að Eyjafjarðarbraut færðist út úr hverfinu árið 2023.

Ástand gatnakerfis er almennt ágætt en þó hafa framkvæmdir í hverfinu undanfarið ár leitt til þess að ástand gatnakerfisins er á köflum óvenju slæmt og er víða verið að framkvæma við götur í hverfinu. Víða er að finna hættur sem þarf að bæta úr svo sem útsýni vegfarenda við gatnamót og ónæg lýsing við leikskóla. Þá eru gatnamót sum staðar víð og æskilegt að þrengja með merkingum eða kantsteinum. Mikilvægt er að bæta við upplýstri gangbraut yfir Eyjafjarðarbraut við gatnamót Bakkatraðar.

Engin reiðleið er í gegnum hverfið eða fram hjá því og mikilvægt að horfa til þess með tilkomu nýrrar legu Eyjafjarðarbrautar vestri.

Frá gatnamótum Bakkatraðar og norður að gatnamótum sem tengja munu Ölduhverfi, ofan Jólagarðsins, er gamla Eyjafjarðarbraut vestri í einkaeigu. Vegurinn þar er því hvorki í umsjón sveitarfélagsins né Vegagerðarinnar.

Vetrarþjónusta við tengingar inn í hverfið frá Eyjafjarðarbraut vestri er á vegum Vegagerðarinnar. Sveitarfélagið sér um alla aðra vetrarþjónustu innan hverfis og fer það eftir aðstæðum hverju sinni.

Slys í dreifbýli og yfirlit yfir ástand vega

Fjöldi slysa í dreifbýli er mjög breytilegur eftir svæðum en það virðist bæði tengjast aðstæðum sem og umferðarmagni viðkomandi svæðis. Yfirlitskort Samgöngustofu gefur mjög greinilega til kynna ákveðin svæði þar sem slysaþætta virðist meiri.

Eyjafjarðarbraut vestri frá Akureyri að Miðbraut



Mynd 2: Eyjafjarðarbraut vestri Akureyri að Kristnesi (Samgöngustofa, 2024)

Tegund slysa Eyjafjarðarbraut vestri (N)	Fjöldi slysa 2010-2024
Banaslys	1
Alvarleg slys	1
Slys með litlum meiðslum	14
Óhöpp án meiðsla	17
Samtals	26
Meðalumferð á dag	
Hámark	Lágmark
2050 við Akureyri (var 1900 árið 2024)	1750 við Jólagarðinn (var 1600 árið 2022)

Tafla 7: Tegund og fjöldi slysa og umferð á Eyjafjarðarbraut vestri frá Akureyri að Hrafnagilshverfi (Samgöngustofa, 2024) (Vegagerðin, 2024)

Hér er að finna einn af þeim vegköflum þar sem flest slys verða í sveitarfélaginu. Vegurinn er einnig sá umferðarþyngsti í sveitarfélaginu utan Þjóðveg 1 og eru nokkur svæði á honum sem virðast sérlega varhugaverð og er það almennt nærri gatnamótum heimreiða. Banaslys varð norðarlega á veginum árið 2011 þar sem ekið var á gangandi vegfaranda. Öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda á svæðinu hefur verið bætt til muna frá því að slysið varð með tilkomu hjóla- og göngustígs. Þá varð alvarlegt slys á Kristnesi árið 2021.

Aðstæður á vegkaflanum eru almennt með besta móti en þó myndast mjög slæm misfella á hverju ári við ræsi til móts við Hvamm sem vert er að bregðast við með aðgerðum. Hefur vegurinn nú verið tekinn út fyrir Hrafnagilshverfi að Miðbraut með auknu umferðaröryggi.

Engin reiðstígur er meðfram veginum en mikil hestamennska er á svæðinu.

Vetrarþjónusta er mjög ör og þjónustar Vegagerðin vegkaflann án aðkomu sveitarfélagsins.

Þjóðvegur 1 og gatnamót við Eyjafjarðarbraut eystri



Mynd 3: Þjóðvegur 1 og gatnamót við Eyjafjarðarbraut eystri (Samgöngustofa, 2024)

Tegund slysa Þjóðvegur 1 og gatnamót	Fjöldi slysa 2010-2024
Banaslys	0
Alvarleg slys	2
Slys með litlum meiðslum	8
Óhöpp án meiðsla	17
Samtals	27
Meðalumferð á dag	
Hámark	Lágmark
5200 (á Þjóðvegi 1 (var 3700 árið 2022))	1300 á Eyjafjarðarbraut (var 1100 árið 2022)

Tafla 8: Tegund og fjöldi slysa og umferð á Þjóðvegi 1 og gatnamótum við Eyjafjarðarbraut eystri (Samgöngustofa, 2024) (Vegagerðin, 2024)

Þjóðvegur 1 og gatnamót hans við Eyjafjarðarbraut er hættulegt svæði og hafa þar orðið mörg slys. Brekka er í beygjunni að norðan og gatnamótin sjálf staðsett í miðri beygjunni. Þá hafa ný og fjölfarin gatnamót bæst við á svæðinu við Skógarböðin og má enn búast við aukinni umferð um og fram hjá gatnamótunum Eyjafjarðar eystri með tilkomu Skógarbaða hótelsins sem stefnt er á að opna sumarið 2027.

Veginum er vel við haldið en mikil þörf er á að bæta öryggi á gatnamótunum.

Vetrarþjónusta er mjög ör og þjónustar Vegagerðin vegkaflann án aðkomu sveitarfélagsins.

Veigastaðavegur, Knarrarbergsvegur og Leifsstaðavegur



Mynd 4: Veigastaðavegur, Knarrarbergsvegur og Leifsstaðavegur (Samgöngustofa, 2024)


Tegund slysa Vaðlaheiði	Fjöldi slysa 2010-2024
Banaslys	0
Alvarleg slys	0
Slys með litlum meiðslum	2
Óhöpp án meiðsla	1
Samtals	3
Meðalumferð á dag	
Hámark	Lágmark
230 við Eyjafjarðarbraut (var 200 árið 2022)	110 Veigastaðavegi nyrst (var 85 árið 2022)

Tafla 9: Tegund og fjöldi slysa og umferð á Veigastaðavegi, Knarrarbergsvegi og Leifsstaðavegi (Samgöngustofa, 2024) (Vegagerðin, 2024)

Við eða nærri Knarrarbergsveg hafa orðið þrjú slys, eitt á gatnamótum Brúnahlíðarhverfis sem kemur að veginum úr brattri götu. Þá hefur orðið slys á Leifsstaðavegi. Aðstæður á svæðinu eru ekki hættulegar en svæðið er þó gróið og má búast við enn meiri þéttingu byggðar þar í framtíðinni.

Vetrarþjónusta er misjöfn og er malarkafli vegarins ekki mokaður nema samkvæmt beiðni og getur þar orðið mikil hálka.

Eyjafjarðarbraut eystri frá Þjóðvegi 1 að Laugalandi



Mynd 5: Eyjafjarðarbraut eystri frá Þjóðvegi 1 að Laugalandi (Samgöngustofa, 2024).

Tegund slysa Eyjafjarðarbraut eystri (N)	Fjöldi slysa 2010-2024
Banaslys	1
Alvarleg slys	3
Slys með litlum meiðslum	13
Óhöpp án meiðsla	16
Samtals	27
Meðalumferð á dag	
Hámark	Lágmark
1300 við Þjóðveg 1 (var 1100 árið 2022)	405 við Miðbraut (var 345 árið 2022)

Tafla 10: Tegund og fjöldi slysa og umferð á Eyjafjarðarbraut eystri frá Þjóðvegi 1 að Laugalandi (Samgöngustofa, 2024) (Vegagerðin, 2024)

Umferðarþungi á vegkaflanum er töluverður og er þetta næstmest ekni vegkaflinn innan sveitarfélagsins. Umtalsverður fjöldi slysa er skráður á honum og slysátíðni mun hærri en á sama svæði vestan megin ár.

Svæðið frá Knarrarbergi að Gröf getur talist sérstaklega varhugaverður með tilliti til fjölda slysa sem og alvarleika en þrjú alvarleg slys hafa orðið á þeim kafla, þá varð banaslys árið 2024 til móts við Syðri-Tjarnir. Á undanförunum árum hafa hjólreiðar aukist til muna á vegkaflanum en ekki er mögulegt fyrir hjólreiðamenn að hjóla utan vegar á svæðinu.

Aðstæður á þessum kafla Eyjafjarðarbrautar eru almennt góðar en þó er víða gróður sem hindrar sýn og víða mjög stutt á milli gatnamóta.

Reiðleið er meðfram bökkum Eyjafjarðarar á þessu svæði. Enga hjóla- og gönguleið er að finna meðfram veginum.

Vetrarþjónusta er mjög ör og þjónustar Vegagerðin vegkaflann án aðkomu sveitarfélagsins.

Miðbraut



Mynd 6: Miðbraut (Samgöngustofa, 2024).

Tegund slysa Miðbraut	Fjöldi slysa 2010-2024
Banaslys	0
Alvarleg slys	2
Slys með litlum meiðslum	3
Óhöpp án meiðsla	3
Samtals	6
Meðalumferð á dag	
330 (var 305 árið 2022)	

Tafla 11: Tegund og fjöldi slysa og umferð á Miðbraut (Samgöngustofa, 2024) (Vegagerðin, 2024)

Hættuleg gatnamót eru á mótum Miðbrautar og Eyjafjarðarbrautar eystri, þar er sveigja á Eyjafjarðarbraut sem skerðir útsýni að gatnamótum auk þess sem gróður á svæðin er mikill. Ný gatnamót eru komin við brúarendann á vesturenda Miðbrautar þar sem nýtt vegstæði Eyjafjarðarbrautar vestri kemur hefur verið tekið í notkun.

Á Miðbraut hefur orðið mikill fjöldi slysa sé tekið mið af því hve stuttur kaflinn er og verða þar almennt slys á fólki ef óhapp ber að garði. Slys á kaflanum eru almennt vegna útaf aksturs. Miðbraut er bundin slitlagi og er þar að finna einbreiða brú, aðstæður á veginum eru ekki nægilega góðar og þarf að hækka hann töluvert með tilliti til vatnavaxta Eyjafjarðarar en yfir veginn flæðir mjög reglulega í leysingum og krapastíflum. Þá eru slæmar misjöfnur í veginum og beygjan í brekkunni varhugaverð og mikil misjafna er á aðkomu að brúni að austan.

Reiðmenn þurfa að þvera Miðbraut þegar komið er sunnan úr sveit og þurfa þeir að fara yfir brú Eyjafjarðarar við Hrafnagilshverfi til að komast milli svæða. Enga hjóla og gönguleið er að finna meðfram Miðbraut.

Vetrarþjónusta á Miðbraut er mjög ör og þjónustar Vegagerðin vegkaflann án aðkomu sveitarfélagsins.

Eyjafjarðarbraut vestri frá Miðbraut að Finnastaðaa



Mynd 7: Eyjafjarðarbraut vestri frá Miðbraut að Finnastaðaa (Samgöngustofa, 2024).

Tegund slysa Eyjafjarðarbraut vestri (MN)		Fjöldi slysa 2010-2024
Banaslys		1
Alvarleg slys		1
Slys með litlum meiðslum		2
Óhöpp án meiðsla		11
Samtals		10
Meðalumferð á dag		
Hámark	Lágmark	
610 við Miðbraut (var 560 árið 2022)	310 við Finnastaðaa (var 285 árið 2022)	

Tafla 12: Tegund og fjöldi slysa og umferð á Eyjafjarðarbraut eystri frá Miðbraut að Finnastaðaa (Samgöngustofa, 2024) (Vegagerðin, 2024)


Á þessu svæði hafa orðið nokkuð mörg slys sé tekið mið af umferðarpunga. Banaslys varð á vegkaflanum árið 2017 við gatnamót Hranastaða, voru þar mjög hættuleg gatnamót þar til ný lega Eyjafjarðarbrautar vestri var tekin í notkun árið 2023, á sama stað varð alvarlegt slys árið 2023. Nokkur slys með litlum meiðslum hafa orðið á vegkaflanum og fjöldi óhappa án meiðsla en ekki önnur alvarleg slys.

Eyjafjarðarbraut vestri er með bundnu slitlagi á svæðinu öllu en aðstæður á veginum eru þó ekki góðar. Mishallandi vegstæði, blindhæðir og misfellur eru víða á veginum auk hættulegra gatnamóta. Ástand vegarins hefur versnað til muna á síðustu árum með auknum jarðvegsflutningum frá Torfum.

Reiðstígur liggur meðfram veginum á svæðinu. Engin hjóla- og gönguleið er meðfram vegum á svæðinu en umtalsverð hjólandi vegfaraenda getur verið á leiðinni á góðviðrisdögum.

Vetrarþjónusta er í höndum Vegagerðarinnar fimm sinnum í viku en helmingamokstur utan þess. Það skapast oft slæmar aðstæður á vegkaflanum, sérstaklega í hálfu.

Finnastaðavegur og Dalsvegur



Mynd 8: Finnastaðavegur og Dalsvegur (Samgöngustofa, 2024)

Tegund slysa Finnastaða- og Dalsvegur	Fjöldi slysa 2010-2024
Banaslys	0
Alvarleg slys	0
Slys með litlum meiðslum	1
Óhöpp án meiðsla	3
Samtals	4
Meðalumferð á dag	
Hámark	Lágmark
155 nyrst á Finnastaðavegi (var 145 árið 2022)	15 við gatnamót Dalsvegur (var 14 árið 2022)

Tafla 13: Tegund og fjöldi slysa og umferð á Finnastaðavegi og Dalsvegi (Samgöngustofa, 2024) (Vegagerðin, 2024)

Lítið er um slys á vegunum en þó ber að hafa í huga að á þeim leynast víða hættur. Má þar nefna gatnamót Eyjafjarðarbrautar við Finnastaðaveg og þá sértaklega við Dalsveg sem kemur í 45° tengingu á Eyjafjarðarbraut. Þá er hættulegt svæði við Finnastaðaa þar sem hátt er niður í grjótmikla ána af veginum. Ýmsar minni hættur leynast á malarvegum báðum, meðal annars blindhæðir, litlar vegaxlir og slæmar misfellur við ræsi.

Ástand Finnastaðavegar frá Eyjafjarðarbraut að Holtseli er ágætt en þar er bundið slitlag. Þar frammar má hinsvegar finna malarvegi sem eru orðnir í misgóðu ástandi og vantar víða verulega orðið uppá viðhald, ofaníburð og burðarlag. Dalsvegur frá Finnastaðavegi inn Djúpadal er ekki í góðu ástandi, sérstaklega innan stíflu, þó einhverju efni hafi verið bætt í hann árið 2023.

Reiðstígur liggur meðfram veginum frá Syðra-Felli að Litlagarði. Engin hjóla- og gönguleið er meðfram vegum á svæðinu.

Vetrarþjónusta er í helmingamokstri fimm daga vikunnar frá Eyjafjarðarbraut eystri að Holtseli en helmingamokstur er utan þess. Á veginum myndast oft mjög slæm hálkuskilirði. Mikil snjósöfnun er á svæðinu þar sem bundna slitlagið er og skefur víða í erfiða skafla frammar á veginum. Mjög algengt er að ófærð myndist í Árgerðisbrekku, vegkaflanum milli Árgerðis og Finnastaðavegar, en vegurinn þar er lár og reynist því erfitt að halda honum opnum. Þá er oft mjög snjópungt vegna gróðurs við gatnamót Finnastaðavegar og Dalsvegur.

Eyjafjarðarbraut eystri frá Miðbraut til suðurs



Mynd 9: Eyjafjarðarbraut eystri frá Miðbraut til Suðurs (Samgöngustofa, 2024).

Tegund slysa Eyjafjarðarbraut eystri (S)	Fjöldi slysa 2010-2024
Banaslys	0
Alvarleg slys	1
Slys með litlum meiðslum	4
Óhöpp án meiðsla	2
Samtals	6
Meðalumferð á dag	
Hámark	Lágmark
280 við Miðbraut (var 235 árið 2022)	49 við Guðrúnarstaði (var 31 árið 2022)

Tafla 14: Tegund og fjöldi slysa og umferð á Eyjafjarðarbraut eystri frá Miðbraut til suðurs (Samgöngustofa, 2024) (Vegagerðin, 2024)

Slys eru nokkuð fátíð á vegkaflanum en þó varð mjög alvarlegt slys árið 2023 nærri bænum Klauf. Aðstæður eru víða þannig að það ber að varast í akstri um vegkaflann. Aðkoma að brúnni yfir Munkapverá er varasöm en kröpp beygja er sunnan hennar, þá er vegurinn mjög nærri Eyjafjarðará og hátt niður í hana við Guðrúnarstaði.

Eyjafjarðarbraut eystri er með bundnu slitlagi að Rútsstöðum. Aðstæður á þeim vegkafla eru almennt slæmar og er hættuleg aðkoma að brúnni við Munkapverá. Framan Rútsstaða að Möðruvöllum er malarvegur sem er víða orðinn mikið holóttur, vegöxl lítil og brotin. Nærri Möðruvöllum er bundið slitlag á kafla en aðstæður á malarvegi eru víða slæmar. Stíflubruin, brúin yfir Eyjafjarðará hjá Möðruvöllum, er ein versta brúin í sveitarfélaginu, þröng mjög og torveldar umferð vinnuvéla og stórra ökutækja um svæðið.

Unnið er í lagningu reiðstígs meðfram veginum og er nú komið burðarlag undir hann að mestu frá Munkapverá að Miðbraut. Töluverð hestamennska er á svæðinu. Engin hjóla- og gönguleið er meðfram vegum á svæðinu.

Vetrarþjónusta er í helmingamokstri og eru víða erfiðir kaflar á leiðinni. Engin föst vetrarþjónusta er á veginum en sveitarfélagið hefur sótt að Vegagerðinni með að fá inn fasta vetrarþjónustu fram að Akri á bíl með undirtönn, hefur það ekki gengið eftir.

Eyjafjarðarbraut vestri frá Finnastaðaa að Sandhólum



Mynd 10: Eyjafjarðarbraut vestri frá Finnastaðaa að Sandhólum (Samgöngustofa, 2024).

Tegund slysa Eyjafjarðarbraut vestri (MS)	Fjöldi slysa 2010-2024
Banaslys	0
Alvarleg slys	0
Slys með litlum meiðslum	0
Óhöpp án meiðsla	3
Samtals	3
Meðalumferð á dag	
Hámark	Lágmark
310 við Finnastaðaa (var 285 árið 2022)	185 við Sandhóla (var 170 árið 2022)

Tafla 15: Tegund og fjöldi slysa og umferð á Eyjafjarðarbraut vestri frá Finnastaðaa að Sandhólum (Samgöngustofa, 2024) (Vegagerðin, 2024)

Fá slys hafa orðið á svæðinu og engin skráð með meiðslum á fólki. Þrjár einbreiðar brýr eru á vegkaflanum og hefur óhapp orðið við eina þeirra. Aðstæður eru almennt góðar en þó eru varasöm gatnamót við Sólgarð auk þess sem vegurinn er mjög nærri Eyjafjarðará og bratt niður í hana. Mikið skiltaflóð er á kaflanum milli Finnastaðaa og Skjöldalsár, tilefni er til að endurskoða það og fækka stuttum köflum með mismunandi hámarkshraða.

Reiðstígur er meðfram veginum allt suður að Melgerðismelum. Engin hjóla- og gönguleið er meðfram vegum á svæðinu en umtalsverð umferð hjólandi einstaklinga getur verið á veginum á góðviðrisdögum

Vetrarþjónusta er blönduð og sinnir Vegagerðin henni fimm sinnum í viku en helmingamokstur fer fram utan þess.

Eyjafjarðarbraut vestri og Hólavegur frá Sandhólum að hálendi



Mynd 11: Eyjafjarðarbraut vestri og Hólavegur frá Sandhólum að hálendi (Samgöngustofa, 2024).

Tegund slysa sunnan Sandhóla	Fjöldi slysa 2010-2021
Banaslys	0
Alvarleg slys	0
Slys með litlum meiðslum	2
Óhöpp án meiðsla	6
Samtals	7
Meðalumferð á dag	
Hámark	Lágmark
100 Hólavegur við Sandhóla (var 94 árið 2022)	11 hálendisvegur (var 6 árið 2022)

Tafla 16: Tegund og fjöldi slysa og umferð á Eyjafjarðarbraut vestri og Hólavegi sunnan Sandhóla (Samgöngustofa, 2024) (Vegagerðin, 2024)

Á svæðinu eru slys með meiðslum fátíð en þó hafa tvö slík orðið á árunum 2020 og 2022 þar sem ungmenni slösuðust lítilsháttar í útafakstri á Hólavegi. Vegirnir eru með litla umferð og léttir heldur á umferðinni því framar sem komið er. Aðstæður vegakerfis á svæðinu er mjög misjafnt.

Eyjafjarðarbraut vestri er með bundið slitlag fram að Gullbrekku og kaflinn þangað telst nokkuð góður. Vetrarþjónusta fram að Gullbrekku er í höndum Vegagerðarinnar fimm sinnum í viku en helmingamokstur utan þess svæðis og tíma að beiðni sveitarfélagsins.

Framar Gullbrekku er Eyjafjarðarbraut vestri víða í mjög slæmu ástandi en vegurinn hefur þó fengið nokkuð viðhald fram að Ártúni. Þegar komið er fram fyrir Jórunnarstaði er komið að Klifinu, sem er meðal hættulegri staða í vegakerfi sveitarfélagsins þó ekki sé skráð slys þar á tímabilinu. Á svæðinu er mjög bratt og hátt niður í Eyjafjarðará og forðast skólábílstjórar að aka um svæðið á veturna. Framan við Klifið og þá sérstaklega þegar komið er fram fyrir Torfufellsá tekur við slæmur vegkafl, holóttur og illa hirtur. Vetrarþjónusta er í helmingamokstri og oft ábótavant en slæm hálkuskilyrði myndast oft á svæðinu.

Hólavegur frá Eyjafjarðarbraut vestri að Gnúpufelli er holóttur malarvegur. Sumarið 2021 flæddi Eyjafjarðará yfir veginn og gróf nokkuð frá Bogabrúnni, brúin yfir Eyjafjarðará hjá Sandhólum, sem er önnur af tveimur verstu brúm í sveitarfélaginu og torveldar umferð vinnuvéla og stórra ökutækja um svæðið. Vetrarþjónusta er í helmingamokstri.

Frá Hrísum í norðri og að Grænuhlíð í suðri er Hólavegur í mjög góðu standi en þar er bundið slitlag á breiðum vegi. Suður af því tekur hins vegar við malarvegur sem lagfærður var fyrir nokkrum árum en er þó farinn að versna nokkuð aftur. Mikilvægt er að bæta aðstæður á Hólavegi en hann er gjarnan eina opna vetrarleiðin framan úr sveit vegna aðstæðna vestan ár. Vetrarþjónusta er í helmingamokstri.

Enga reiðstíga er að finna meðfram vegum á svæðinu. Engin hjóla- og gönguleið er meðfram vegum á svæðinu.


Umferðatölur

Vegur	Kaffinúmer	Vegleið	Hætti uppfallspunkts	Hætti endapunkts	Árðags-umferð		Árðags-umferð		Sumardags-umferð		Sumardags-umferð		Vetrardags-umferð		Vetrardags-umferð		Eknir	
					Leiga	2022	2024	2024	umferð 2022	umferð 2024	umferð 2022	umferð 2024	umferð 2022	umferð 2024	þ.km 2022	þ.km 2024		
821	1	Eyjafljóðbraut vestri	Flugvallavegur Akureyri (820-01)	Kristnesvegur (822-01)	5,69	1.800	1.950	2.150	2.250	1.450	1.650	3.705	4.021					
821	2	Eyjafljóðbraut vestri	Kristnesvegur (822-01)	Míðbraut (823-01)	3,92	1.450	1.600	1.800	1.900	1.200	1.350	2.105	2.345					
821	3	Eyjafljóðbraut vestri	Míðbraut (823-01)	Finnastaðavegur (824-01)	5,60	475	520	640	670	345	385	976	1.069					
821	4	Eyjafljóðbraut vestri	Finnastaðavegur (824-01)	Eyjafljóðbraut eystri (829-01)	7,81	235	255	315	335	170	190	674	731					
821	5	Eyjafljóðbraut vestri	Eyjafljóðbraut eystri (829-01)	Gullbrekkuvegur (8364-01)	7,46	110	120	145	155	80	89	299	325					
821	6	Eyjafljóðbraut vestri	Gullbrekkuvegur (8364-01)	Hallörstaðavegur (8374-01)	10,32	21	34	44	47	20	23	188	128					
F821	7	Eyjafljóðleið	Hallörstaðavegur (8374-01)	Dragaleið (F881-01)	36,85	6	11	1	21	-	-	81	148					
F821	8	Eyjafljóðleið	Dragaleið (F881-01)	Skagafljóðbraut (F752-07)	4,69	4	7	9	14	-	-	7	12					
822	1	Kristnesvegur	Eyjafljóðbraut vestri (821-02) norðan Kristnes	Kristnes	0,99	200	220	270	285	145	165	73	79					
823	1	Míðbraut	Eyjafljóðbraut vestri (821-03)	Eyjafljóðbraut eystri (829-02)	2,12	305	330	405	425	220	245	234	228					
824	1	Finnastaðavegur	Eyjafljóðbraut vestri (821-04)	Dalsvegur (825-01)	6,83	76	82	100	105	56	61	189	205					
825	1	Dalsvegur	Eyjafljóðbraut vestri (821-04)	Finnastaðavegur (824-01)	3,47	42	45	55	59	30	34	53	57					
826	1	Hólavegur	Eyjafljóðbraut vestri (821-05) hjá Sandhólum	Eyjafljóðbraut vestri (821-06) móts við Vatnsnes	12,22	37	40	48	51	26	29	163	177					
828	1	Veigastaðavegur	Hringvegur 1-q1	Vaðlaheðavegur (823-01)	1,27	365	420	470	530	280	335	169	194					
828	2	Veigastaðavegur	Vaðlaheðavegur (823-01)	Eyjafljóðbraut eystri (829-01)	2,60	105	125	135	155	81	97	100	117					
829	1	Eyjafljóðbraut eystri	Hringvegur 1-q1	Míðbraut (823-01)	11,42	690	810	890	980	530	640	2.870	3.374					
829	2	Eyjafljóðbraut eystri	Míðbraut (823-01)	Eyjafljóðbraut vestri (821-05)	15,74	100	120	135	150	79	95	585	687					
					139							12.471	13.897					

Tafla 17: Umferðartölur í sveitarfélaginu (Vegagerðin, 2024)

Tegundir vega

Vegagerðin flokkar vegakerfi sitt út frá fjórum megin skilgreiningum og hafa flokkarnir árf á þjónustustig Vegagerðarinnar þegar kemur að eftirliti, viðhaldi og vetrarþjónustu.



Mynd 12: Tegund vega samkvæmt flokkun Vegagerðarinnar 30.05.2024 (Vegagerðin, 2024).

Stofnvegir (S)

Stofnvegir eru hluti af grunnkerfi samgangna eins og það er skilgreint í samgönguáætlun hverju sinni. Til stofnvega teljast: (Vegagerðin, 2024)

- Vegir sem tengja saman byggðir landsins. Við það vegakerfi sem þannig fæst skal tengja þéttbýlisstaði með um það bil 100 íbúa eða fleiri.
- Til stofnvega teljast einnig umferðarmestu vegir sem tengja saman sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu.
- Vegir á hálendinu sem mikilvægir eru fyrir flutninga og ferðaþjónustu. Þar sem stofnvegur endar í þéttbýli skal hann ná að fyrstu þvergötu sem tilheyrir gatnakerfi þéttbýlisins og enda þar. Þó er heimilt að láta stofnveg ná til flugvallar og hafnar sem mikilvæg eru fyrir ferðaþjónustu og flutninga.
- Hluti stofnvegakerfisins liggur um hálendið en eðli málsins samkvæmt er þjónusta við þá minni en aðra stofnvegi og eru þeir lokaðir yfir veturinn.

Tengivegir (T)

Tengivegir eru vegir utan þéttbýlis sem liggja af stofnvegi á stofnveg eða af stofnvegi á tengiveg og eru a.m.k. 2 km langir. Tengivegir eru: (Vegagerðin, 2024)

- Vegir sem tengja landsvegi við stofnvegi.
- Vegir sem ná til þéttbýlisstaða með færri en 100 íbúa og tengja þá við stofnvegakerfið,
- Vegir að helstu flugvöllum og höfnum sem mikilvægar eru fyrir flutninga og ferðaþjónustu, og vegir að ferjuhöfnum ef þeir eru ekki stofnvegir.
- Vegir að þjóðgörðum og innan þeirra.
- Vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum utan þéttbýlis. Þar sem tengivegur endar í þéttbýli skal tengja hann fyrstu þvergötu sem tilheyrir vegakerfi þéttbýlisins og enda þar.

Héraðsvegir (H)

Héraðsvegir eru vegir sem liggja að býlum, atvinnustarfsemi, kirkjustöðum, opinberum skólum og öðrum opinberum stofnunum utan þéttbýlis sem ákveðnir eru á staðfestu skipulagi og taldir upp í vegaskrá. Jafnframt er heimilt að taka í tölu héraðsvega vegi að sumarbústaðahverfum sem tengja að minnsta kosti 30 bústaði við þjóðveg. (Vegagerðin, 2024).

Landsvegir (L)


Landsvegir eru vegir yfir fjöll og heiðar sem ekki tilheyra neinum af framangreindum vegflokkum og aflagðir byggðavegir á eyðilendum. Á vegum þessum skal yfirleitt einungis gera ráð fyrir árstíðabundinni umferð og minna eftirliti og minni þjónustu en á öðrum þjóðvegum (Vegagerðin, 2024).

Sveitarfélagsvegir, almennir stígar og einkavegir

Sveitarfélagsvegir eru vegir innan þéttbýlis sem ekki teljast þjóðvegir skv. 8. gr. vegalaga, eru í umsjá sveitarfélaga og ætlaðir almenningi til frjálsrar umferðar. Almennir stígar eru reiðstígar, göngu- og hjólríðastígar sem ætlaðir eru almenningi til frjálsrar umferðar og haldið er við af fé ríkis eða sveitarfélaga. Einkavegir eru vegir sem hvorki teljast þjóðvegir né sveitarfélagsvegir og eru í eigu einstaklinga, fyrirtækja eða opinberra aðila. (Vegagerðin, 2024).

Stjörnugjöf vega samkvæmt EuroRap

Ísland er þátttakandi í EuroRap sem greint hefur og gefið fjölda vega á Íslandi einkunn meðal annars út frá hættu eða öryggi vegfarenda á viðkomandi vegi. Eyjafjarðarbraut vestri- og eystri frá Akureyri að Möðruvöllum hafa fengið úttekt EuroRap á árunum 2012-2017. Kerfi þeirra flokkar vegi úr frá stjörnum þar sem ein stjarna, svartur litur, flokkast sem mesta hættu og 5 stjörnur, grænn litur, telst vera minnst hættu. Þeir vegir sem greindir hafa verið í Eyjafjarðarsveit eru að mestu með eina eða tvær stjörnur, þó fær Hrafnagilshverfi fjórar stjörnur og Eyjafjarðarbraut vestri frá Akureyri að Merkigili þrjár stjörnur.



Mynd 13: Greining EuroRap á gæðum vega (The International Road Assessment Programme (iRAP), 2012-2017).

Yfirlit yfir brúaðar ár í sveitarfélaginu

Þrettán brýr er að finna í Eyjafjarðarsveit og eru þær allar einbreiðar, ótaldar eru þá tvær brýr við árósa Eyjafjarðarár sem hafa verið aflagðar og nú notaðar fyrir reiðleiðir og gönguleiðir. Þá er einnig að finna tvö stór ræsi, eitt á Finnastaðavegi fyrir Finnastaðá og annað á Eyjafjarðarbraut eystri við Þverá ytri.

Ástand brúanna er misjafnt, eru þær margar orðnar barn síns tíma og hættar að geta þjónustað atvinnusvæðið með tilliti til samgangna þeirra, tækja og búnaðar sem nútíma búskapur kallar á í landbúnaðarhéraði.

Miklir farartálmar eru á einbreiðum brúm yfir Eyjafjarðará við Möðruvelli (byggð 1933) og við Sandhóla (byggð 1933) og þá er farartálmi á brúnni um Munkaþverá. En þessar brýr eru mjóar og hættulegar og verulegur farartálmi fyrir landbúnað á svæðinu þar sem bændur verða að fara yfir vöð nærri þeim til að koma tækjum milli svæða.

Einbreið brú yfir Eyjafjarðará við Hrafnagilshverfi er löng og er um hana mikil umferð bíla og stærri tækja. Á undanförunum árum hefur umferð hjólandi vegfarenda einnig stóraukist og er því aukin hættu á svæðinu sem mikilvægt er að bregðast við.

Þverá í Kaupangsveit (ræsi)		Eyjafjarðarbraut eystri vegur nr. 829 01
Byggingarár 2023	Lengd 6,7 metrar	Vagnþungi 63
Eyjafjarðará við Hrafnagili		Miðbraut vegur nr.823 01
Byggingarár 1982	Lengd 137,2 metrar	Vagnþungi 63
Reyká		Eyjafjarðarbraut vestri vegur nr. 821 02
Byggingarár 1982	Lengd 4 metrar	Vagnþungi 63
Munkaþverá		Eyjafjarðarbraut eystri vegur nr. 829 02
Byggingarár 1913 (og 1958)	Lengd 16 metrar	Vagnþungi 20

Finnastaðaá við Finnastaðaveg (ræsi)	Finnastaðavegur vegur nr. 824 01	
Byggingarár 1988	Lengd 5,2 metrar	Vagnþungi 63
Finnastaðaá við Eyjafjarðarbraut	Eyjafjarðarbraut vestri vegur nr. 821 04	
Byggingarár 1970	Lengd 12 metrar	Vagnþungi 34
Skjöldalsá við Finnastaðaveg	Finnastaðavegur vegur nr. 824 01	
Byggingarár 1988	Lengd 6 metrar	Vagnþungi 63
Skjöldalsá við Eyjafjarðarbraut	Eyjafjarðarbraut vestri vegur nr. 821 04	
Byggingarár 1975	Lengd 14 metrar	Vagnþungi 34
Djúpadalsá við Eyjafjarðarbraut	Eyjafjarðarbraut vestri vegur nr. 821 04	
Byggingarár 1975	Lengd 22 metrar	Vagnþungi 63
Djúpadalsá hjá Völlum	Vallnadalsvegur vegur nr. 8351 01	
Byggingarár 1962	Lengd 18 metrar	Vagnþungi 18
Eyjafjarðará við Möðruvelli	Eyjafjarðarbraut eystri vegur nr. 829 02	
Byggingarár 1933	Lengd 43 metrar	Vagnþungi (400 kg/m ²)
Eyjafjarðará við Sandhóla	Hólavegur vegur nr. 826 01	
Byggingarár 1933	Lengd 27 metrar	Vagnþungi óskráð
Eyjafjarðará við Vatnsenda	Hólavegur vegur nr. 826 01	
Byggingarár 1966	Lengd 32 metrar	Vagnþungi 20
Torfufellsá við Eyjafjarðarbraut	Eyjafjarðarbraut vestri vegur nr. 821 06	
Byggingarár 1968	Lengd 14 metrar	Vagnþungi 20
Eyjafjarðará við Halldórsstaði	Halldórsstaðavegur vegur nr. 8374 01	
Byggingarár 1968	Lengd 9 metrar	Vagnþungi 12

Tafla 18: Brúaskrá í sveitarfélaginu (Vegagerðin, 2023).



Mynd 14: Staðsetningar brúa samkvæmt brúaskrá (Vegagerðin, 2023)

Skólar og skólaleiðir

Í Eyjafjarðarsveit eru tveir skólar, báðir eru þeir staðsettir í Hrafnagilshverfi. Krummakot er leikskóli sveitarfélagsins með um 60-80 börn að jafnaði. Í grunnskólanum, Hrafnagilsskóla, eru á bilinu 170-180 krakkar.

Foreldrar sjá um að koma börnum sínum í leikskólann en skólabílar aka börnum utan Hrafnagilshverfis í grunnskólann á morgnana og til baka síðdegis. Leitast er eftir því að börn séu almennt ekki meira en 30 mínútur í bílnum.

Börn í Hrafnagilshverfi og allra næsta nágrenni þess, koma almennt gangandi í skólann eða þeim er ekið af foreldrum. Á myndinni hér að neðan má sjá helstu gönguleiðir í skólann og þá staði sem börn þvera almennt Hrafnatröð sem liggur í gegnum hverfið. Mikilvægt er að huga sérstaklega að öryggi á þessum svæðum. Hverfið mun bæði þéttast og byggjast upp til norðurs á næstu árum og er þá mikilvægt að koma upp öruggum gönguverunum yfir vegi og fylgjast með hvernig gangandi umferð þróast með vaxandi byggð.



Mynd 15: Gönguleiðir nemenda í grunnskólann

Umferðarfræðsla í skólum

Í Hrafnagilsskóla fer umferðarfræðsla fram í tengslum við árstíðir hverju sinni og verkefni sem unnin eru í bekkjunum. Fræðslan fer fram á samverustundum með nemendum í 1.-7. bekk, á samverustundum með nemendum á unglingastigi sem og inni í kennslustofum með viðkomandi umsjónakennara.

- Umferðarfræðsla fer fram hjá nemendum 1. bekkjar í tengslum við skólabyrjun. Sumir kennarar nýta fræðsluefnið um Ýmu tröllastelpu en einnig er hægt að nota Halló heimur o.fl.
- Á haustin og vorin er farið yfir reglur varðandi reiðhjól þegar börnin eru að koma á hjólum í skólann. Þar er lögð áhersla á notkun reiðhjólajálma, hvar megi hjóla og hvernig farið er yfir götur. Reglulega eru sérstakir hjóladagar á öllum stigum þar sem farið er yfir öryggisbúnað og umferðarreglur.
- Stór hluti nemenda koma með skólabíl í skólann og reglulega er farið yfir öryggisatriði varðandi skólabíla þ.e. mikilvægi þess að spenna sætisbelti, hvernig beðið er eftir skólabílunum og að beðið sé eftir að bílarnir stöðvi áður en farið er úr sæti.
- Þegar vetur nálgast er mikið rætt um endurskinsmerkjanotkun og hafa nemendur fengið að gjöf endurskinsmerki frá Hjálparsveitinni Dalbjörgu einu sinni á ári. Gengið er eftir því að allir nemendur noti endurskinsmerki og þeir nemendur sem bíða eftir skólabílum eru einnig hvattir til að vera með vasaljós svo þeir sjáist enn betur.
- Önnur umferðarfræðsla fer fram í tengslum við verkefni sem unnið er með í bekkjunum t.d. um bíla, flugvélar o.fl.
- Vettvangsferðir s.s. gönguferðir að hausti og vori eru nýttar til að ræða um öryggi og umferðarreglur.
- Í tengslum við hjóla-, göngu- og vettvangsferðir er rætt um ýmsar reglur sem tengjast umferðinni og öryggi og nemendur nota endurskinsvesti.

Í leikskólanum Krummakoti fer umferðarfræðsla fyrst og fremst fram í vettvangsferðum þar sem kennarar og starfsmenn leggja sig fram við að kynna fyrir börnunum hinar ýmsu hættur sem leynast í umhverfinu.


Vetrarþjónusta sveitarfélagsins

Sveitarfélagið sér um vetrarþjónustu á gatna- og stígakerfi sveitarfélagsins í Hrafnagilshverfi og er henni í bland úthýst til verktaka og þjónustuð af sveitarfélaginu sjálfu. Þjónustan er tilfallandi og fer eftir aðstæðum hverju sinni en er sinnt vel bæði hvað varðar snjómokstur og hálkuvarnir.

Vetrarþjónusta Vegagerðarinnar

Vegagerðin skiptir vegsvæðum í 10 flokka varðandi vetrarþjónustu og tíðni þeirra, má sjá þá hér að neðan. Í Eyjafjarðarsveit falla Eyjafjarðarbraut vestri og eystri að A reglunni norðan miðbrautar og er sá vegkaflí því mokaður alla daga vikunnar. Eyjafjarðarbraut vestri sunnan Miðbrautar að Gullbrekku fellur undir C flokk og er mokað 5 daga vikunnar. Aðrir tengivegir eru mokaðir samkvæmt helmingamokstursreglu Vegagerðarinnar að beiðni sveitarfélagsins og skilgreint sem „Vetrarþjónusta háð ákvörðun sveitarfélags“. Héraðsvegir í sveitarfélaginu eru almennt ekki mokaðir, þó er gerð undantekning ef hættuástand hefur skapast eða þörf er á neyðarþjónustu og hefur þá sveitarfélagið brugðist við.

Mikilvægt er að fjölga þeim vegum sem falla undir C-F flokk í sveitarfélaginu og auka þannig öryggi á svæðinu í vetrartíðinni. Þá er afar mikilvægt að fá samskonar skipulag þegar kemur að hálkuvörnum en hálka er sívaxandi vandamál og skapast mikil hætta af völdum þeirra aðstæðna. Frá árinu 2024 hefur Vegagerðin neitað að sinna hálkuvörnum á helmingamokstursvegum og ber fyrir sig vinnureglur sínar þar um.



Mynd 16: Vetrarþjónusta Vegagerðarinnar (Vegagerðin, 2025-2026)

Nánar um flokkinn Vetrarþjónusta háð ákvörðun sveitarfélags

Vegagerðin hefur skilgreint þá vegi þar sem heimilt er að beita svonefndri helmingamokstursreglu, sbr. viðauka II, listi yfir helmingarmokstursvegi.

Þá vegi sem þar koma fram er heimilt að moka með kostnaðarþátttöku Vegagerðarinnar að

hámarki þrisvar sinnum í viku, meðan fært þykir vegna veðráttu og snjóþyngsla. Vegagerðin greiðir þá helming kostnaðar þegar beðið hefur verið um moksturinn og greiðsla gagnaðila hefur verið tryggð, enda komi moksturinn fleiri vegfarendum til góða en þeim, sem um hann biður. Óskir sveitarfélaga um slíkan mokstur skulu að jafnaði ganga fyrir óskum einstaklinga.

Þó flokkurinn kallist „vetrarþjónusta háð ákvörðun sveitarfélagsins“ á nýrri síðu Vegagerðarinnar um vetrarþjónustu þá er það Vegagerðin sem á lokaákvörðunina. Sendir Vegagerðin oft aðila á viðkomandi svæði til að kanna aðstæður eftir að sveitarfélagið hefur óskað þjónustu og áður en ákveðið er að senda aðila á svæðið til að sinna umbeðinni þjónustu.

Nánar um hálkuvarnir Vegagerðarinnar

Undanfarið hefur verið dregið úr hálkuvörnum Vegagerðarinnar sem hálkuver nú enga vegi sem eru í helmingamokstursreglunni. Fjölmarginir hættulegir staðir í sveitarfélaginu með tilliti til hálku falla nú utan þess svæðis sem Vegagerðin hálkuver sem dregur umtalsvert úr umferðaröryggi vegfarenda.

Lengd (m)					Hálkuvörn í	
Vegur	Kafli	Byrjun	Endir	Staðarlýsing	hálku og flughálku	flughálku
821	0	0	1.780	Eyjafjarðarbraut vestri: Hringvegur - Miðbraut		1.780
				Leiruvegur - Kristnesvegur syðri endri	1.780	
	1	0	5.690	Eyjafjarðarbraut vestri: Hringvegur - Miðbraut		5.690
				Leiruvegur - Kristnesvegur syðri endri	5.690	
	2	0	1.930	Leiruvegur - Kristnesvegur syðri endri	1.930	
			4.020	Eyjafjarðarbraut vestri: Hringvegur - Miðbraut		4.020
	3	0	1.800	að Stokkahlöðum		1.800
	4	1.700	2.200	Finnastaðaa		500
		2.700	3.200	Skjöldalsá		500
		4.200	4.700	Dalsá		500
		6.600	7.800	Alda		1.200
	5	1.500	1.900	við Sólgarð		400
822	1	0	990	Kristnesvegur	990	990
823	1	0	1.900	Miðbraut	1.900	1.900
828	1	0	1.270	Veigastaðavegur		1.270
	2	400	2.600	síðustu 2200 metrarnir		2.200
829	1	0	200	vegamót Hringvegur	200	
			11.420	Eyjafjarðarbraut eystri: Miðbraut - Hringvegur		11.420
		5.000	6.000	Þverá - Hjarðarhagi	1.000	
8490	1	0	870	fyrstu 870 metrarnir		870
8310	1	0	250	Hrafnagilsvegur		250
Samtals					13.680	40.380

Mynd 17: Vetrarþjónusta Vegagerðarinnar (Vegagerðin, 2025-2026)

Hættulegir staðir

Þjóðvegir og tengivegir:

Þjóðvegur 1, gatnamót við Eyjafjarðarbraut eystri

- Fjölförnustu gatnamótin í sveitarfélaginu og mjög mörg skráð slys á svæðinu.

Eyjafjarðarbraut eystri frá Miðbraut til norðurs

- Vegkaflinn er með mjög mörgum gatnamótum og er hámarkshraði 90km á svæðinu. Þá eru þekkt svæði á honum þar sem slysatíðni er há. Víða birgir gróður útsýni á vegkaflanum og þverar mikið af dýralífi hann að norðan.

Eyjafjarðarbraut eystri, gatnamót við Miðbraut

Mikill gróður er sunnan við gatnamót Miðbrautar við Eyjafjarðarbraut eystri og útsýni til suðurs því ábótavant. Eyjafjarðarbraut eystri, brú við Munkaþverá

- Aðkoma að brú Munkaþverár að sunnan er um krappa beygju.

Eyjafjarðarbraut vestri, norðan Kolgrímsstaða og norðan Skáldsstaða.

- Brotið er úr kanti og miklar holur í beygju þar sem hátt og bratt er ofan í á.
- Ræsi við Skáldsstaði er hrúnið öðru megin.

Eyjafjarðarbraut vestri við Stokkahlaðir

- Nálægð við íbúðarhús og verkstæði er mjög mikil og hámarkshraði 70km, gróður skyggir á útsýni.

Eyjafjarðarbraut vestri við Espihóll

- Vegur mjög slitinn og miklar misfellur í honum, við gatnamót er einnig blindhæð og er umferðarhraði á svæðinu mikill. Þá er samgangur milli bæja á svæðinu og því umferð gangandi yfir veginn.

Finnastaðavegur við Finnastaðaa

- Hátt er niður í ána og vegurinn þröngur þar sem farið er um ræsið. Myndast þar oft mikil hálka.

Eyjafjarðarbraut vestri, klifið sunnan Jórunnarstaða

- Mjög hátt er niður í ána og myndast oft hættulegar aðstæður á svæðinu, sérstaklega þegar hálka verður mikil.

Leifsstaðavegur, hámarkshraði, gróður og gatnamót

- Mikil uppbygging hefur átt sér stað við Leifsstaðaveg og mun aukast enn frekar á næstu árum. Kallað hefur verið eftir lækkun hámarkshraða á svæðinu vegna fjölda veltenginga og gróðurs. Þá eru gatnamót Leifsstaðavegar og Knarrarbergsvegar hættuleg og kemur Knarrarbergsvegur í slæmri akstursstefnu á Leifsstaðarveg.

Aðrir hættulegir staðir

Kristnesspítali: Um bílastæði spítalans að kúabúi aka stór vinnutæki og flutningabílar. Þarna er umtalsverð umferð, þröngt er þar mjög og gangandi umferð bæði fullorðinna og barna er um svæðið.

Eyjafjarðarbraut vestri við Dalsveg: Gatnamót Dalsvegar koma í hættulegri stefnu á Eyjafjarðarbraut vestri.

Eyjaftarðarbraut eystri við Guðrúnarstaði: Vegurinn liggur mjög nærri Eyjaftarðará og er hátt niður í hana.

Eyjaftarðarbraut vestri við Sólgarð: Eyjaftarðará liggur mjög nærri veginum.

Eyjaftarðarbraut vestri við Jórunnarstaði: Sunnan Jórunnarstaða er vegur nærri Eyjaftarðará.

Villingadalur: Blindhæðir eru ómerkta á veginum og þá er bratt og hátt niður af veginum.

Sölvadalur: Vegurinn er nærri gljúfri á afmörkuðu svæði og mjög hátt ofan í það.

Varhugaverðar heimreiðar og gatnamót

Þá má víða finna varhugaverðar heimreiðar í sveitarfélaginu þar sem komið er bratt niður á þjóðveg eða bratt frá þjóðvegi beint niður að húsi með tilheyrandi hættum. Á fjölda heimreiða eru einnig þekkt slys sem ekki er að finna í skráningum á vef samgöngustofu.



Listi yfir heimreiðar sem ábendingar hafa borist um í ferlinu:

- Brúnahlíðarhverfið tengist um stutta en bratta brekku beint niður á Leifsstaðaveg.
- Þórustaðir 2, 3, 4, og 7 eru allar með brattar heimreiðar niður að þjóðvegi.
- Öngulstaðir 1, 4 og 5 og Útibær, allt brattar heimreiðar beint frá Eyjaftarðarbraut eystri til vesturs. Ofan vegar að sömu gatnamótum liggur heimreið að Borg sem kemur í rangri stefnu á veginn. Um þessi gatnamót tengjast 10 bæir, beggja megin við Eyjaftarðarbraut eystri.
- Hranastaðir/Botn heimreiðin er brött á kafla og eru mörg þekkt slys á veginum sem ekki hafa ratað á vef samgöngustofu. Á heimreiðinni er einnig að finna 90 gráðu beygju í brekkunni sem er mjög varhugaverð.
- Dvergsstaðir, brött heimreið með miklum gróðri sem skyggir á útsýni.
- Merkigil, komið er inn á heimreiðina í blindbeygju.
- Svönulundur (við Holtset) kemur að Finnastaðavegi í beygju og er umlukin miklum gróðri.
- Möðrufell, komið er á Finnastaðaveg í hættulegri akstursstefnu.
- Grund sumarhús og Grundarreitur tengjast Eyjaftarðarbraut vestri í brekku og með byrgt útsýni.
- Saurbær, afleggjari tengist Eyjaftarðarbraut vestri í hættulegri akstursstefnu.
- Litli-Hamar, heimreið er brött frá þjóðvegi og niður að húsi.
- Stóri-Hamar, heimreið er brött frá þjóðvegi og niður að húsi, þá er blint til norðurs út frá gatnamótunum.
- Uppsallir, heimreið er brött og kemur í hættulegri akstursstefnu á Eyjaftarðarbraut eystri í skógarrjóðri.
- Klauf, heimreið er brött og kemur í hættulegri akstursstefnu á Eyjaftarðarbraut eystri.
- Svertingsstaðarvegur, gróður birgir sýn að gatnamótum við Eyjaftarðarbraut eystri.

Athugasemdir

Þó mörg slys séu skráð á vegum í sveitarfélaginu er samráðshóp einnig kunnugt um nokkurn fjölda slysa án meiðsla á fólki sem ekki hefur ratað í skráningu Samgöngustofu, má þar meðal annars telja upp nokkur slys á Hranastaðavegi. Heildarfjöldi slysa er því líklega nokkuð meiri en fram hefur komið í skýrslunni.

Umferðartölur í sveitarfélaginu eru nokkuð breytilegar milli ára en þó lítur nefndin ekki svo á að það endurspegli beint álag á gatnakerfi svæðisins. Þó dregið hafi nokkuð úr umferð á árunum 2018-2020 þá hefur á móti orðið mikil aukning á þungaumferð á vegum meðal annars vegna stórauðinna malarflutninga sunnan úr sveit og vegna stærri og þyngri tækja í landbúnaði. Þá hefur almenn umferð einnig aukist nokkuð aftur frá því árið 2021. Í bland við of takmarkað viðhald á vegakerfinu hefur aukið álag leitt til verulegs slits á vegum víðast hvar í sveitarfélaginu og aukinnar hættu vegfarenda en glögglega má sjá í töflu þrjú (Tafla 3: Slys og umferð samanborin) að ekki er að sjá samhengi á umferðarmagni og fjölda slysa.

Ekki er að sjá að slysum hafi fækkað á Eyjafjarðarbraut vestri milli Hrafnagilshverfis og Akureyrar með tilkomu göngu- og hjólastígs en óhætt er þó að fullyrða að dregið hefur verulega á líkum alvarlegra slysa þar sem gangandi og hjólandi vegfarendur lenda saman við ökutæki.

Töluverð breyting hefur orðið á búsetuháttum með tilkomu ljósleiðaratengingar og vinnu án staðsetningar. Fjöldi fólks sem býr sunnarlega í sveitarfélaginu sækir vinnu daglega í Hrafnagilshverfi eða á Akureyri og með aukinni áherslu á rafbílavæðingu hefur bílaflotinn að auki breyst umtalsvert og ákall orðið á betri vegi og bættu vetrarþjónustu.

EuroRap úttektin á vegakerfinu telur nefndin að sé að hluta til orðin úrelt frá því að úttektin fór fram. Má þar helst benda á vegkaflann frá Hrafnagilshverfi að Grund en ljóst er að vegurinn hefur látið verulega á sjá á undanförunum árum með tilkomu aukinna malarflutninga um hann.

Í áætluninni hefur ekki verið komið inn á þær umfangsmiklu framkvæmdir sem eru í gangi innan Hrafnagilshverfis en sumarið 2025 mun hluta þeirra ljúka og frágangur fara fram í nágrenni nýs leikskóla þar sem horft er sérstaklega til hraðatakmarkandi þátta og umferðaröryggissjónarmiða. Þá er stefnt á lokafrágangi Hrafnatraðar í heild sinni, allt frá Bakkatröð að suðurmörkum hverfisins, sumarið 2026.

Íbúar hafa á orði að umferð hjólandi vegfarenda hafi aukist verulega á undanförunum árum frá Hrafnagilshverfi um Miðbraut og þaðan meðfram Eyjafjarðarbraut eystri að Akureyri sem og á Eyjafjarðarbraut vestri frá Hrafnagilshverfi til suðurs að malbiksenda. Er litið svo á að beint samhengi sé á milli þessa og tilkomu hjólastígs milli Hrafnagilshverfis og Akureyrar þar sem umferð er veruleg. Á þessum leiðum eru margar miklar hættur fyrir öikumenn sökum ástands vega fjölda gatnamóta og takmarkaðs útsýnis ökumanna.

Mikilvægt er að horfa til þess að lýsing verði á nýjum gatnamótum við Hrafnagilshverfi austan Bakkatraðar með tilkomu nýrrar legu Eyjafjarðarbrautar vestri. Við þessu hefur ekki verið orðið en verulega dimmt getur orðið á þessum gatnamótum sem og á gatnamótunum við Miðbraut og brúna yfir Eyjafjarðará.

Æskilegt er að áætlun þessi sé ávallt yfirfarin í upphafi hvers kjörtímabils og aftur á miðju kjörtímabili eða ef um stórar forsendubreytingar er að ræða vegna framkvæmda eða annarra þátta.

Niðurstöður

Hámarkshraði umferðar er víða of hár í sveitarfélaginu miðað við aðstæður og þarf að draga úr honum á ákveðnum svæðum til að auka umferðaröryggi.

Verulegur fjöldi slysa er skráður á Eyjafjarðarbraut eystri milli Knarrarbergsvogar og Skálpágerðis en aðstæður á svæðinu geta verið ökumönnum erfiðar. Fullt tilefni er til að draga sérstaklega úr hámarkshraða á þessu svæði.

Mikilvægt er að horfa til áframhaldandi uppbyggingar á hjóla- og gönguleið meðfram Miðbraut og Eyjafjarðarbraut eystri til norðurs frá Miðbraut. Þá er einnig vert að horfa til þéttbýlismyndunar við Veigastaðaveg í þeim efnum.

Mikilvægt er að eyða hættulegum gatnamótum við stofnvegi og tengivegi og ganga úr skugga um að nýjar vegtengingar komi ávallt 90 gráður á þessa vegi og séu þannig útfærðar að aðstæður á svæðinu byrgi ekki sýn frá gatnamótunum.

Mikil hættu er að skapast við Kristnesspítala þar sem þungaumferð ekur um þröngt bílastæði spítalans á leið að Kristnesbúinu. Nauðsynlegt er að bregðast við þessu með því að Vegagerðin taki veginn til suðurs aftur inn á vegaskrá á þeim forsendum að þar sé tenging Kristnesbúsins.

Mikilvægt er að halda áfram að byggja upp reiðleiðir út frá sjónarmiði umferðaröryggismála.

Bæta þarf vetrarþjónustu til muna og líklegt er talið að með því að setja ákveðin svæði inn í fasta þjónustu frá Vegagerðinni og lágmarka helmingamokstursvegi megi stórbæta þjónustuna og auka öryggi vegfarenda. Aukin áhersla þarf að vera á hálfuvarnir og er mjög mikilvægt að hálfuvarnir fari einnig fram á vegum sem falla undir helmingamokstursregluna.

Farartálmar eru verulegir fyrir nútíma landbúnað við Stíflubré, Bogabré og Munkaþverá og mikilvægt að bæta þar úr. Umferð stórra tækja fer um langar leiðir eða um vöð til að komast milli svæða með tilheyrandi auknu álagi á vega- og vistkerfi.

Víða finnst hættur vegna nálægðar vegstæða við Eyjafjarðará og er mikilvægt að bregðast við því með varnaðarráðstöfunum svo sem vegriðum.

Mikilvægt er að farið verði í stórfellt átak við að fella gróður í veghelgunarsvæði og nærri gatnamótum til að bæta útsýni og öryggi á svæðinu. Þá er mikilvægt að fræða landeigendur um hvernig æskilegt sé að planta gróðri í nálægð vega með tilliti til umferðaröryggis og snjósöfnunar.

Aðgerðarlisti

Almennar aðgerðir:

Ganga skal úr skugga um að öll ný gatnamót að vegum komi 90 gráður á veg og að útsýni að þeim og frá sé með sem allra besta móti miðað við landfræðilegar aðstæður svæðisins.

Lagfæra skal öll gatnamót sem ekki koma í rétttri stefnu á stofnvegi og tengivegi og eftir fremsta megni ganga úr skugga um að horn þeirra sé 90 gráður á veg og útsýni frá þeim með besta móti.

Draga skal úr gróðurmyndun og saga niður gróður innan veghelgunarsvæðis og gróður sem byrgir sýn í nálægð gatnamóta.

Vetrarþjónusta:

Draga þarf úr fjölda þeirra vega sem falla undir helmingamokstursreglu Vegagerðarinnar. Eftirfarandi leiðir þurfa að fara í fasta þjónustu hjá Vegagerðinni og þjónusta með undirtönn til að draga úr hálkumyndun:

- Finnastaðavegur frá gatnamótum Eyjafjarðarbrautar vestri að Finnastöðum.
- Eyjafjarðarbraut eystri frá Miðbraut að enda bundins slitlags við Rútsstaði.
- Hólavegur frá Sandhólum að enda bundins slitlags við Grænuhlíð.

Auka þarf hálkuvarnir og eftir fremsta megni draga úr myndun flughálku vegna snjósöfnunar á vegum með því að moka/skafa vegi áður en snjór fer að þjappast undan ökutækjum.

Fá sérstaka úttekt Vegagerðarinnar og aðgerðaráætlun varðandi Eyjafjarðarbraut eystri frá Miðbraut að Þjóðvegi 1 með tilliti til bætts öryggis eigi síðar en vorið 2026. Mikilvægt er að aðstæður séu skoðaðar bæði að vetri og sumri.

Skilta þarf alla staði þar sem reiðvegir þvera stofnvegi.

Sértækar aðgerðir og markmið Eyjafjarðarsveitar

Hámarkshraði á stofn- og tengivegum:		
Verkþáttur	Tímasett markmið	Ábyrgð
50 km hámarkshraði Knarrarbergsvegur og Leifsstaðavegur	2025	Vegagerðin
70 km Eyjafjarðarbraut vestri (821) við Espihól	2025	Vegagerðin

Hrafnagilshverfi:		
<i>Verkpáttur</i>	<i>Tímasett markmið</i>	<i>Ábyrgð</i>
Skilta þarf betur hámarkshraða innan Hrafnagilshverfis.	2025	Sveitarfélag
Bæta lýsingu við gatnamót Laugartraðar og Hrafnatraðar.	2025	Sveitarfélag
Yfirborðsmerkingar fyrir biðskyldu og breidd gatnamóta við norðurtengingu Laugartraðar.	2025	Sveitarfélag
Mótun tengingar að tjaldsvæði með yfirborðsmerkingum.	2025	Sveitarfélag
Yfirborðsmerkingar fyrir biðskyldu á tengingu við tjaldsvæði.	2025	Sveitarfélag
Yfirborðsmerkingar fyrir biðskyldu á syðri enda Laugartraðar.	2025	Sveitarfélag
Biðskyldumerki á gatnamótum Bakkatraðar	2025	Sveitarfélag

Ýmis gatnamót:		
<i>Verkpáttur</i>	<i>Tímasett markmið</i>	<i>Ábyrgð</i>
Breyta aðkomustefnu Dalsvegar á gatnamótum við Eyjafjarðarbraut vestri.	2025	Vegagerðin
Skerpa á yfirborðsmerkingum gatnamóta Veigastaðavegar við Eyjafjarðarbraut vestri.	2025	Vegagerðin
Breyta aðkomustefnu Knarrarbergsvegar á gatnamótum við Leifsstaðarveg.	2025	Vegagerðin
Fjarlægja gróður sem byrgir sýn við gatnamót Eyjafjarðarbrautar eystri og Miðbrautar.	2025	Vegagerðin
Fjarlægja gróður sem byrgir sýn við gatnamót Eyjafjarðarbrautar eystri og Svertingsstaðarvegar.	2025	Vegagerðin

Vegrið og sérstakar merkingar:		
<i>Verkpáttur</i>	<i>Tímasett markmið</i>	<i>Ábyrgð</i>
Vegrið: Finnastaðavegur við Finnastaðaá	2026	Vegagerðin
Vegrið: Eyjafjarðarbraut eystri við Guðrúnarstaði	2026	Vegagerðin
Vegrið: Eyjafjarðarbraut vestri við og nærri Sólgarði	2026	Vegagerðin
Vegrið: Eyjafjarðarbraut vestri norðan Kolgrímsstaða	2027	Vegagerðin
Vegrið: Eyjafjarðarbraut vestri sunnan Jórunnarstaða	2027	Vegagerðin
Vegrið: Eyjafjarðarbraut vestri í Klifi	2027	Vegagerðin

Aðrar aðgerðir:		
<i>Verkpáttur</i>	<i>Tímasett markmið</i>	<i>Ábyrgð</i>
Kristnesvegur til suðurs þarf að fara aftur inn á vegaskrá Vegagerðarinnar og fá nauðsynlegar endurbætur svo þungaumferð fari um hann fremur en bílastæði Kristnesspítala.	2025	Vegagerðin
Eyjafjarðarbraut vestri við Hvamm. Nauðsynlegt að laga verulega misfelli sem árlega myndast við ræsi.	2025	Vegagerðin
Stíflubré	2027	Vegagerðin
Bogabré	2027	Vegagerðin
Munkaþverárbrú	2027	Vegagerðin
Brú yfir Eyjafjarðará við Hrafnagilshverfi.	2030	Vegagerðin
Eyjafjarðarbraut vestri norðan Kolgrímsstaða þarf að lagfæra og ræsi norðan Skáldsstaða.	2025	Vegagerðin
Heildar endurskoðun umferðaröryggisáætlunar í stærri samráðshóp.	2026	Sveitarfélag

Heimildaskrá

Ásmundsdóttir, R. (2020). *Vegagerðin - umferðaröryggi í Hrafnagilshverfi*. Vegagerðin.

Eyjafjarðarsveit. (2021). *Minnisblað - ábendingar íbúa*.

Samgöngustofa. (2024). *Samgöngustofa slysakort*. Sótt frá Samgöngustofa:
<https://map.is/samgongustofa/>

The International Road Assessment Programme (iRAP). (2012-2017). *iRap map star rating*. Sótt frá iRap: https://vida.irap.org/en-gb/results/star_rating/map?report_filters={%22filter_1%22:266919}

Vegagerðin. (2020). *Minnisblað - Umferðaröryggi á Hrafnagili*.

Vegagerðin. (febrúar 2023). *Vegagerðin brúaskrá*. Sótt frá Vegagerðin: https://wp-beta.vegagerdin.is/wp-content/uploads/2023/06/bruaskra_a_-tjodvegum.pdf

Vegagerðin. (2024). *Vegagerðin umferðatölur*. Sótt frá Vegagerðin:
<https://www.vegagerdin.is/vegagerdin/gagnasafn/umferdartolur/umferdarmedaltol-a-thjodvegum>

Vegagerðin. (2024). *Vegagerðin vegflokka kort*. Sótt frá Vegagerðin: https://wp-beta.vegagerdin.is/wp-content/uploads/2024/06/vegflokkar_2023_kort.pdf

Vegagerðin. (2024). *Vegagerðin vegflokkar*. Sótt frá Vegagerðin:
<https://www.vegagerdin.is/samgongukerfid/vegakerfid/vegir>

Vegagerðin. (2025-2026). *Vegagerðin vetrarþjónusta*. Sótt frá Vegagerðin:
<https://www.vegagerdin.is/sthbthjon.nsf/2d1e761d5db9cd840025702a00731850/b9b7143f9c3f79d1002571110056a07c?OpenDocument>